

**Stofnanasamningur**  
**Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins**  
**og**  
**Iðjubjálfafélags Íslands**

**1. Gildissvið**

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í framangreindu stéttarfélagi sem starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Samningur þessi byggir á 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs dags. 06.06.2011.

**2. Meginmarkmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

**3. Starfaflokkar og röðun**

Forsendur starfaflokka (hópa) byggja á skipuriti, eðli starfa, ábyrgð og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Hópur	Gr.fl.	Skýringar
I	5	<b>Iðjubjálfi</b> , iðjubjálfi á fyrsta starfsári
I	7	<b>Iðjubjálfi 1</b> , vinnur sjálfstætt og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.
II	9	<b>Iðjubjálfi 2</b> , eftir a.m.k. 1 ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.
III	10	<b>Iðjubjálfi 3</b> , eftir a.m.k. 3 ár í starfi. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.
	11	<b>Iðjubjálfi 4</b> , hefur a.m.k. 5 ára starfsreynslu í faginu. Tekur virkan þátt í þróun fags á starfsstöð og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur verið falin umsjón með afmörkuðum verkþáttum af yfirmanni. Skipuleggur og veitir fræðslu til skjólstæðinga og aðstandenda.
IV	12	<b>Iðjubjálfi 5</b> , ber ábyrgð á skipulagi og þróun þjónustu iðjubjálfunar sem veitt er í samráði við yfirmann. Metur árangur starfsemi.
V	14	<b>Forstöðumaður</b> . Iðjubjálfi sem stjórnar starfsstöð.



#### 4. Mat á einstökum þáttum

##### 4.1 Starfsreynsla skal metin á láréttum ás.

- Iðjupjálfi hækkar um 1 þrep eftir 3 ára starf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Iðjupjálfi hækkar um 1 þrep eftir 7 ára starf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

##### 4.2 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás fyrir starfaflokka I-IV. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingu. Samkvæmt þessu ákvæði getur iðjupjálfi hækkað um allt að 5 þrep.

- Iðjupjálfi sem lokið hefur doktorsprófi fær 5 þrep í álag.
- Iðjupjálfi sem lokið hefur meistaraþrófi fær 3 þrep í álag.
- Iðjupjálfi sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi, á lámarki 30 ECTS einingar fær 1 þrep í álag
- Einnig er heimilt að meta a.m.k. 30 ECTS einingar sem lokið hefur verið í háskóla eftir 1.janúar 2000 sem 1 þrep.

##### 4.3 Heimilt er að hækka iðjupjálfa í starfaflokkum II- IV um allt að 2 þrep tímabundið, að hámarki 3 mánuði, nema eðli verkefni gefi tilefni til annars. Uppfylla þarf neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun og ekki greitt fyrir með öðrum hætti.

- Iðjupjálfi, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra, er falin þátttaka í viðamiklum þróunar-, rannsóknar- og vísindastörfum eða stefnumótandi samstarfsverkefnum sem stofnunin er aðili að sem bætast ofan á reglubundin verkefni og eru fyrir utan starfssvið viðkomandi.
- Iðjupjálfa, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra, er falin þróun fræðsluefnis og mælitækja.
- Iðjupjálfi, samkvæmt ákvörðun næsta yfirmanns og framkvæmdastjóra, sinnir heimavitjunum til skjólstæðinga.
- Mikið álag fylgir starfinu tímabundið.

##### 4.4 Starfsmaður sem áunnið hefur sér hækkun vegna þátta samkvæmt greinum 4.1 – 4.3 ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 álagsþrep færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

#### 5. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári ber yfirmanni að boða hvern starfsmann í samtali til að ræða starf hans og starfssvið.

Tilgangur samtalanna er:


- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar.
- Tryggja skýrleika í starfsemi.
- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanna og stjórnenda.
- Vinna að framförum starfsmanna m.t.t. hæfni í starfi.
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnenda.
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna.
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsandann.
- Endurmat á starfssviði með tilliti til starfslýsingu.

Mi  
JD


6. **Gildistími**  
Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. mars 2013.

Reykjavík, 23 október 2013

F.h.  
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

  
Sigríður Þ. Halgrímsdóttir

F.h.  
Iðjupjálfafélags Íslands

  
Margrét 'Isleifsd.  
Guðjón Ben.

## Bókun

Þegar viðurkenning Landlæknisembættis liggur fyrir skal stofna samstarfshóp milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og lóðjuþjálfafélags Íslands innan 3 mánaða til að semja um nánari útfærslu á sérfræðiviðurkenningu og áföngum að henni.

MS JB.

**Viðauki við stofnanasamning  
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
og  
Iðjubjálfafélags Íslands**

Frá 1. mars 2014 er meðfylgjandi breyting á grein 4.2 í stofnanasamningi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Iðjubjálfafélags Íslands.


**4.2** Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás fyrir starfaflokka I-IV. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingu.

Samkvæmt þessu ákvæði getur iðjubjálfi hækkað um allt að 5 þrep.


- Iðjubjálfi sem lokið hefur doktorsprófi fær 5 þrep í álag.
- Iðjubjálfi sem lokið hefur meistaraþrófi fær 3 þrep í álag.
- Fyrir 60 ECTS einingar í grunnnámi í iðjubjálfun umfram 180 ECTS einingar fá iðjubjálfar í starfaflokkum I-IV eitt þrep í álag.
- Iðjubjálfi sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi, á lámaki 30 ECTS einingar fær 1 þrep í álag
- Einnig er heimilt að meta a.m.k. 30 ECTS einingar sem lokið hefur verið í háskóla eftir 1.janúar 2000 sem 1 þrep.

Reykjavík, 23. október 2013

F.h.  
Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

  
Sigríður P. Halgrímsdóttir

F.h.  
Iðjubjálfafélags Íslands

  
Margrét 'Isleifsd.  
Guðjón Ben.